



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Anna-Maria stjórnar Sibeliusi

12. mars 2015 í Hörpu

13. mars 2015 í Hofi





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

EXPO: 10'00''

Concierto Pastoral: 25'00''

Sinfónía nr. 1: 36'00''

Mynd á kápu: Inga Rós Ingólfssdóttir, selló, Júlía Mogensen, selló,

Hávarður Tryggvason, bassi, Richard Korn, bassi.

© Ari Magg

Tónleikarnir eru hluti af alþjóðlegri afmælishátíð en 150 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins.

S15elius
2015

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Anna-Maria stjórnar Sibeliusi

Tónleikar í Eldborg 12. mars 2015 » 19:30

Tónleikar í Hofi 13. mars 2015 » 19:30

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

Áshildur Haraldsdóttir einleikari

Magnus Lindberg

EXPO (2009)

Joaquín Rodrigo

Concierto Pastoral fyrir flautu og hljómsveit (1978)

Allegro

Adagio

Rondo. Allegro

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 1 í e-moll, op. 39 (1898)

Andante ma non troppo - Allegro energico

Andante (ma non troppo lento)

Scherzo: Allegro

Finale (quasi una fantasia): Andante - Allegro molto

Anna-Maria Helsing

hljómsveitarstjóri



Finnski hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing er ein skærasta stjarna Sibeliusarakadémiunnar. Stuttu eftir að hún hóf nám undir handleiðslu Leifs Segerstam var hún valin til að taka þátt í alþjóðlegu hljómsveitarstjóraakademíunni Allianz í London 2008/09. Þar naut hún leiðsagnar Esa-Pekka Salonen og Gustavos Dudamel og stjórnaði Fílharmóníuhljómsveit Lundúnaborgar. Á árunum 2010-2013 var hún aðalhljómsveitarstjóri Oulu-sinfóníuhljómsveitarinnar, fyrst kvenna til að vera í forsvari finnskrar sinfóníuhljómsveitar.

Helsing hefur stjórnað öllum leiðandi hljómsveitum Finnlands ásamt hljómsveitum í Skandinavíu og Eyrstrasaltsríkjunum. Meðal þeirra eru Sinfóníuhljómsveit finnska útvarpsins, fílharmóníusveitir Helsinki og Tampere, Konunglega fílharmóníuhljómsveitin í Stokkhólmi og sinfóníuhljómsveitir Gautaborgar, Þrándheims og Eistlands. Helsing hefur einnig látið að sér kveða í óperuheiminum sem hljómsveitarstjóri Finnsku þjóðaróperunnar, óperunnar í Tampere ásamt hljómsveit óperunnar í Malmö og á óperuhátíðinni í Savonlinna.

Anna-Maria Helsing lauk prófi í fiðluleik frá Pietarsaari konservatoriínu og tónlistarakadémiunni í Bydgoszcz. Árið 1999 vann hún til fyrstu verðlauna í alþjóðlegri keppni 20. aldar tónlistar fyrir unga listamenn í Varsjá. Árið 2011 hlaut hún Louis Spohr-viðurkenninguna í Braunschweig en það var í fyrsta sinn sem viðurkenningin var veitt hljómsveitarstjóra. Anna-Maria starfaði sem leiðandi fiðluleikari ýmissa kammerhljómsveita áður en hún gegndi stöðu hljómsveitarstjóra hjá Wegelius-kammerhljómsveitinni og listræns stjórnanda hjá Jakobstad sinfóníettunni.

Helsing stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn en í vor snýr hún aftur og stjórnar frumflutningi nýrrar óperu á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík.

Áshildur Haraldsdóttir

einleikari



Áshildur Haraldsdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík sautján ára gömul. Hún lauk bakkalárprófi með hæstu einkunn í hljóðfæraleik frá The New England Conservatory of Music og meistaraþrófi frá Juilliard-tónlistarskólanum. Hún varð fyrsti flautuleikarinn til að komast inn í Parísarkonservatoríið í nám í svokölluðum Cycle de Perfectionnement. Áshildur hefur unnið til fyrstu verðlauna í The New England Conservatory Commencement Competition, The Annual James Pappoutsakis Memorial Fund Competition og The International Young Concerts Artists Competition of Royal Tunbridge Wells. Einnig hlaut hún verðlaun í Flute d'Or í Frakklandi og Syrinx á Ítalíu. Áshildur var fulltrúi Íslands á Tvíæringi ungra norrænna einleikara.

Áshildur hefur leikið einleik með fjölda hljómsveita og má þar nefna Indian Hill kammerhljómsveitina, Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Oskarshamn, Camerata Roman, Umea-sinfóníuhljómsveitina, Filharmóníusveitina í Bajío, London Region Symphonia, KwaZulu-Natal filharmóníuna, Musica Vitae, Il Solisti Veneti, Norbottons kammerhljómsveitina og Konunglegu kammerhljómsveitina í Tokyo. Áshildur hefur komið fram á einleikstónleikum í fjórum heimsálfum og leikið í útvarpi og sjónvarpi í Bandaríkjunum, á öllum Norðurlöndunum, í Frakklandi og oftsinnis hjá BBC. Hún hefur margsinnis frumflutt íslensk verk heima og erlendis og eru íslensk verk iðulega á efnisskrá hennar. Áshildur hefur hljóðritað fjóra einleiksgeisladiska fyrir sænska útgáfufyrirtækið Intim Musik og einn einleiksdisk fyrir Spor. Áshildur hefur einnig leikið kammermúsík inn á diska fyrir Íslenska tónverkamiðstöð og franska útgáfufyrirtækið Timpani. Diskurinn Tónamínútur með flaututónlist Atla Heimis Sveinssonar var gefinn út af Smekkleysu og tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Árið 2010 var Áshildur sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf á vettvangi íslenskrar tónlistar. Áshildur er fastráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Magnus Lindberg

EXPO



© Hanya Chlala

Árið 2009 frumflutti Fílharmóníusveit New York-borgar nýtt verk eftir finnska tónskáldið Magnus Lindberg (1958) sem þá var staðartónskáld hljómsveitarinnar. Verkið sem hann nefndi *EXPO* var annað samtímaverkið sem Fílharmóníusveitin flutti á opnunartónleikum sínum frá upphafi, hitt var *Connotations* eftir Copland sem flutt var undir stjórn Leonards Bernstein 1962.

Tónlist Lindbergs þykir mjög litrík og fjölbreytt og hefur mikið aðdráttarafl fyrir hlustandann þar sem hún er auðskiljanleg og heiðarleg. Lindberg telur það ótvíræðan kost að hafa alist upp í Finnlandi – í ákveðinni fjarlægð frá meginlandi Evrópu - því slík fjarlægð hafi gefið leyfi á annarskonar nálgun og væntingar. Lindberg hefur ástúð á formi og framsetningu tónlistar sem hann segir sum tónskáld þó álíta sem „takmarkandi tímaskekkju“. „Hljómsveitin er hin fullkomna ritvél“ segir Lindberg „þar sem allt er til staðar til að skrifa verkið. Svo mikið af einkennum ákveðinna verka í sögunni ganga út á sérstaka hljóðfærasamsetningu eða skrýtnar samsetningar, jafnvel útilokun ákveðinna hluta hljómsveitarinnar sem er fínt ef góð músíkölsk ástæða er til. Samt sem áður hefur mér oft fundist þetta auðveldlega geta orðið dálítið yfirborðskennt. Að taka hljómsveitinni opnum örmum, í sínu hefðbundna formi, getur verið uppspretta í sjálfu sér og augnablikin þegar tónskáldið stendur andspænis takmörkunum eru oft kveikja að einhverju.“

Tónlistin á Íslandi

Hljómsveitarverkið *EXPO* hljómar nú í fyrsta sinn í meðförum SÍ. Áður hefur hljómsveitin flutt tvö verk eftir Lindberg: *Feria* (2003) undir stjórn Elts Olari og *Marea* (1995) undir stjórn Osmos Vänskä.

Heitið *EXPO* er stytting á enska orðinu *exposition* eða fram sögu sem er fyrsti hluti svokallaðs sönötuforms sem var ríkjandi tónlistarform klassíska tímabilsins. Verkið hefst með svipuhöggi og þar með setur Lindberg tóninn fyrir framhaldið. *EXPO* er sannkallað sýnistykki fyrir möguleika hljómsveitarinnar, fremur stutt og byggir á tveimur hugmyndum; hraða og hæggengi og núningi þeirra á milli þar sem púlsinn er hægur en yfirborðið ólgar af spennu. Með því nær tónskáldið fram miklum yfingum og krafti úr hljómsveitinni sem ekki linnir fyrr en í undurveikum lokatöktum hljómsveitarinnar.

Joaquín Rodrigo

Concierto Pastoral fyrir flautu og hljómsveit



Þjóðleg spænsk tónlist sem var samofin menningu sígauna og undir sterkum áhrifum frá Márum og Aröbum í sunnanverðu landinu, dafnaði mikið til óáreitt vel fram á 19. öld. Þegar rómantísku tónskáldin uppgötvuðu ósnerta þjóðartónlist Spánar var ekki aftur snúið og má segja að ekkert land, á þessum tíma, hafi haft jafn mikil áhrif á tónskáld utan þess og Spánn.

Spænska tónskáldið Joaquín Rodrigo (1901-1999) opnaði gáttir fyrir þjóðartónlist heimalandsins á heimsvísu. Rodrigo sem var blindur frá þriggja ára aldri skrifað tónlist sína með blindraletri sem hann lagaði að eigin þörfum. Þegar raddskráin að verkinu var tilbúin þá las hann hana nótu fyrir nótu og takt fyrir takt fyrir nótnaritara, verk sem tók hann alltaf miklu lengri tíma en að semja verkið sjálft. „Hve langan tíma það tók Rodrigo að koma verkum sínum niður á blað er staðreynd sem ég er hrædd um að sé oft óþekkt en gefur verkum hans allt aðra vídd“ segir Cecilia dóttir tónskáldsins. Rodrigo sagði sjálfur að „hægt væri að semja tónlist nokkuð hratt en erfiðleikarnir fælust í afrituninni sem væri leiðinleg og strembin...verk fyrir munka.“

Tónlistin á Íslandi

Concierto Pastoral er nú fluttur í fyrsta sinn af Sinfóníuhljómsveitinni. Tveir af gítarkonsertum tónskáldsins hafa hins vegar hljómað alloft í meðförum hljómsveitarinnar. Concierto de Aranjuez alls sex sinnum, fyrst 1980 í flutningi Görans Söller og undir stjórn Raphaels Frühbeck de Burgos og Fantasia para un gentilhombre tvisvar sinnum, undir stjórn Ashkenazys 1974 ásamt John Williams og undir stjórn Shipways 1987 ásamt Pétri Jónassyni.

Rodrigo samdi *Concierto Pastoral* fyrir írsku flautuleikarann James Galway. Verkið sýnir tækni- og túlkunarmöguleika hljóðfærisins til fullnustu enda í hópi erfiðustu einleikskonserta sem samdir hafa verið fyrir flautu. Hægi þátturinn *adagio* er hjarta konsertsins en ytri þættirnir krefjast mikils úthalds. Um konsertinn segir Áshildur Haraldsdóttir einleikari: „Í fyrsta kaflanum felst mesta áskorunin, þar þarf maður eiginlega að vera klæddur íþróttagallanum. Annar kaflinn er dreyminn og leiðslukenndur með fallægum suðrænum laglínunum. Lokakaflinn er gáskafullur, einskonar skemmtun. Í þeim kafla koma fram sterk höfundareinkenni Rodrigos þar sem tvær tóntegundir eru í gangi samtímis sem setur tónlistina svolítið á skjön en gefur konsertinum stríðnislegan karakter.“

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 1 í e-moll, op. 39



Tónlistin á Íslandi

Sinfónía nr. 1 eftir Sibelius hefur hljómað tæplega 20 sinnum í meðförum SÍ, fyrst á tónleikum sveitarinnar 1965 undir stjórn Tauno Hannikainen. Páll P.

Pálsson hefur oftast stýrt flutningi sinfóníunnar en það gerði hann 1981 á tónleikaferðalagi um Austurríki. Árið 1997 hljóðritaði SÍ sinfóníuna fyrir Naxos undir stjórn Petris Sakari en hann stjórnaði jafnframt síðasta flutningi hennar árið 2008.

Sibelius (1865-1957) var liðlega þrítugur þegar hann hóf að semja fyrstu sinfóníuna og á góðri leið með að verða þjóðhetja Finna. Sibelius lauk við smíði sinfóníunnar 1898 og stjórnaði flutningi hennar í apríl 1899. Ári síðar stjórnaði vinur og velunnari tónskáldsins, Robert Kajanus, endurgerðri útgáfu verksins í upphafi tónleikaferðar með Fílharmóníusveit Helsinki um Evrópu. Í þeirri tónleikaferð, sem skilaði Sibelíusi velgengni og verðskuldaðri alþjóðlegri athygli, notaði hann fyrstu sinfóníuna til að afla stuðnings við málstað Finna gegn oki Rússa. Þó var haft eftir tónskáldinu að hann hefði ekki samið sinfóníur sínar með svokölluðu prógrammi eða sögulegu inntaki að leiðarljósi því „sinfónía á fyrst og fremst að vera tónlist“ sagði tónskáldið og baðst undan því að sinfóníur hans væru ritrýndar með gleraugum prógrammsins.

Sibelius var undir áhrifum frá Tsjajkovskíj þegar hann samdi fyrstu sinfóníuna og sagði að „það væri margt í þeim manni sem hann þekkti í sjálfum sér“. Ásýnd stefjaefnisins sem tónskáldið notar í sinfóníunni er hetjuleg og ólgar af tilfinningum. Í fyrsta kaflanum er helsta yrkisefni sinfóníunnar kynnt til leiks og í upphafstöktunum er klarínettið í forgrunni við undirleik pákanna. Strengirnir taka síðan við með rómantískt aðalstefið. Annar þátturinn er borinn uppi af dempuðum fiðlum og sellóum með hljóðlátri laglínu sem tréblásararnir kinka kolli til og hornin eiga fallega innkomu í sveitastíl. *Scherzo* þriðja þáttar hefst á þróttmiklum pákuslætti en síðan taka strengir og blásarar við með hvíku og tindilfættu stefjaefni. Miðbik kaflans er með rólyndara yfirbragði og aftur hljóma falleg hornaköll sem vísa til sveitastemningarinnar í öðrum þætti. Í lokakaflanum snýr svo klarínnettustef fyrsta þáttar aftur til leiks en nú í meðförum strengjanna. Lokabátturinn er tilfinningaþrunginn og mjög dramatískur og endar, kannske svolítið óvænt, á tveimur *pizzicato*-hljómunum í strengjum.

Hjördís Ástráðsdóttir

 @Sibelius150

Modern Times

Bíó með Sinfóníunni

Fös. 8. maí » 19:30

Lau. 9. maí » 15:00




Charles Chaplin *Modern Times*

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Frank Strobel *hljómsveitarstjóri*

Nútíminn eftir Chaplin er eitt af helstu meistaraverkum kvikmyndasögunnar og um leið vinsælasta og fyndnasta kvikmynd hans. Nútíminn segir af baráttu flækingsins við að fóta sig í nýrri iðnvæddri veröld í lok heimskreppu.

Tónlist Chaplins er óaðskiljanlegur hluti kvikmynda hans og um leið leiðarstef í verkum hans.

   @icelandsymphony #sinfó

Emil Friðfinnsson

Nærmynd



Emil Friðfinnsson er hornleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur leikið með hljómsveitinni í yfir tvo áratugi. Emil er norðanmaður, fæddur og uppalinn á Akureyri, en ættaður úr Hörgárdal. Hann byrjaði að læra á horn átta ára gamall en hafði lítið um hljóðfæravalið að segja þar sem fyrsti kennarinn valdi hljóðfærið fyrir hann.

Þegar Emil var inntur eftir því hverjir væru helstu kostir þess að vera hornleikari þá svaraði hann: „Það er að leika fallega tónlist fyrir og með góðu fólki.“ Nú hefur oft verið rætt um það að hornið sé harður húsbóndi. Hvað er erfiðast við það að leika á horn? „Stutta svarið er“ segir Emil „að hornið hefur mjög mikið tónsvið sem gerir það að verkum að hæstu nóturnar eru mjög viðkvæmar.“

Nú leggja tónskáld frá ólíkum tímabilum tónlistarsögunnar mismikla áherslu á ákveðin hljóðfæri. Er eitthvert tónskáld sem skarar fram úr í hæfni sinni að semja fyrir horn? „Já, það eru Brahms, Mahler, Wagner og Richard Strauss. Þeir skrifa mjög vel fyrir hornið.“ Þeir eru þá væntanlega í uppáhaldi hjá hornleikaranum? „Jú, mikið af minni uppáhaldstónlist er samin af Mahler og Richard Strauss en Mozart og Beethoven eru líka í miklu uppáhaldi.“

Hver er þín magnaðasta tónlistarupplifun? „Úff, þær eru sem betur fer margar minnisstæðar en ef ég yrði að velja eina væru það Opnunartónleikarnir í Hörpu 4. maí. En hvaða tónlist flytur SÍ best að þínu mati? „Það er erfitt að segja. Kannski eitthvað kraftmikið og rómantískt fyrir fullum Eldborgarsal.“

Hvað gerir hornleikari þegar æfingum á hljóðfærið og tónleikahaldi sleppir? „Ég er mikill knattspyrnuáhugamaður og harður stuðningsmaður Liverpool og svo auðvitað KA. Ég hef einnig gaman af skák og er að myndast við að skokka mér til heilsubótar.“



Rómeó og Júlía

Rico Saccani snýr aftur

Mið. 13. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða

Pjotr Tsjajkovskij

Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Leonard Bernstein

Úr West Side Story

George Gershwin

Úr Porgy og Bess

Rico Saccani hljómsveitarstjóri

Ástir, átök og örlög á vorkvöldi í Eldborg. Eitt frægasta tónverk Tsjajkovskíjs er byggt á Rómeó og Júlíu Shakespeares. Það á líka við um söngleikinn West Side Story eftir Bernstein en þar eru átökin færð til New York. Smellirnir Summertime og It Ain't Necessarily

So úr Porgy og Bess eftir Gershwin öðlast nýtt líf í litríkri útgáfu.

Rico Saccani var aðalstjórnandi Sí á árunum 1998–2002 og snýr nú aftur til að stjórna Sinfóníuhljómsveitinni, í fyrsta sinn um langt skeið.

Á döfinni

Benedetti leikur Mozart

Fim. 26. mars » 19:30



Skosk-ítalski fiðluleikarinn Nicola Benedetti skaust upp á stjörnuhimininn þegar hún bar sigur úr býtum í „BBC Young Musician of the Year“ aðeins 16 ára gömul árið 2004. Síðan hefur hún leikið m.a. á lokakvöldi Proms-tónlistarhátíðarinnar og er nú sammingsbundin Deutsche Grammophon. Hún leikur vinsælasta fiðlukonsert Mozarts, sem hann samdi aðeins 19 ára gamall. Á tónleikunum hljóma einnig tvö áheyrileg verk af svipuðum toga sem samin voru undir áhrifum myndlistar. Austurríski hljómsveitarstjórinn Hans Graf stjórnar.

Tónleikakynning Vínfélagsins hefst kl. 18.00 í Hörpuhorninu.

Ottorino Respighi

Trittico Botticelliano

Wolfgang Amadeus Mozart

Fiðlukonsert nr. 5

Paul Hindemith

Mathis der Maler, sinfónía

Meiri Mozart

Fim. 9. apríl » 19:30



Píanóleikarinn Shai Wosner nýtur alþjóðlegrar hylli fyrir listfengi og framúrskarandi túlkun. Hann leikur með öllum helstu hljómsveitum Evrópu og Ameríku og debúteraði með Vínarfílharmóníunni í Salzburg á 250 ára fæðingarafmæli Mozarts.

Hljómsveitarstjórinn Olari Elts varð í fyrsta sæti í Alþjóðlegu Sibeliusar-hljómsveitarstjórakeppninni í Helsinki árið 2000. Hann var aðalhljómsveitarstjóri Lettnesku þjóðar-hljómsveitarinnar og aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Helsinki og Sinfóníuhljómsveitar Eistlands.

Tónleikakynning Vínfélagsins hefst kl. 18:00 í Hörpuhorninu.

Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 32

Wolfgang Amadeus Mozart

Píanókonsert í d-moll

Valentin Silvestrov

Sendiboðinn

Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 40

Á döfinni

Postnikova og Rozhdestvenskíj

Fim. 30. apríl » 19:30



Aufúsugestirnir og Íslandsvinirnir, hjónin Viktoria Postnikova og Gennadíj Rozhdestvenskíj heiðra Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarunnendur enn á ný með nærveru sinni og flutningi á rússneskum öndvegisverkum. Rozhdestvenskíj er einn fremsti hljómsveitarstjóri samtímans og milli hans og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur myndast náð samband sem kristallast í ógleymanlegum tónlistarupplifunum. Óhætt er að lofa ógleymanlegri stund þegar Gennadíj Rozhdestvenskíj stendur í brúnni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tónleikakynning Vínafélagsins hefst kl. 18:00 í Hörpuhorninu.

Igor Stravinskij
Sergej Rakhmanínov
Pjotr Tsajkovskij

Pulcinella, svíta
Píanókonsert nr. 4
Hljómsveitarsvíta nr. 3

Simon Trpčeski

Fim. 28. maí » 19:30



Makedónskí píanósnillingurinn Simon Trpčeski hefur verið í hópi fremstu píanóleikara Evrópu síðasta áratuginn en sækir nú Ísland heim í fyrsta sinn. Hér leikur Trpčeski fyrri píanókonsert Chopins, sem tónskáldið samdi aðeins tvítugur að aldri.

Árið 2015 verða liðin 150 ár frá fæðingu Carls Nielsen. Sinfóniur þessa þjóðartónskálds Dana eru á efnisskrám hljómsveita um allan heim. Sú fimmta er vinsælust þeirra allra og hljómar hér í túlkun finnska stjórnandans Pietari Inkinen, sem hefur margsinnis stjórnað SÍ við mjög góðar undirtektir áheyrenda.

Tónleikakynning Vínfélagsins hefst kl. 18.00 í Hörpuhorninu.

Frédéric Chopin
Carl Nielsen

Píanókonsert nr. 1
Sinfónía nr. 5

Hljómsveit á tónleikum

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman
Ingrid Karlsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Martin Frewer
Lin Wei
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Jensdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdótti
Þórdís Stross

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Melkorka Ólafsdótti
Martial Nardeau

ÓBÓ

Peter Tompkins
Össur Ingi Jónsson
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Arna Kristin Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ása Jóhannsdóttir *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Valgerður Árnadóttir *umsjónarmaður*

REYKJAVÍK
16. — 17. APRÍL 2015

Allt sem tónlist getur verið

Tectonics Reykjavík hátíðin fer fram í Hörpu í fjórða sinn 16. og 17. apríl næstkomandi. Meðal gesta hátíðarinnar í ár eru Tony Conrad, Robyn Schulkowsky, Alvin Curran, Stephen O'Malley, Jon Rose og Joel Stern.

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytur verk eftir íslensku tónskáldin Áka Ásgeirsson, Kristínu Þóru Haraldsdóttur, Hlyn Aðils Vilmarsson og Úlf Hansson auk þess sem flutt verður nýtt verk eftir myndlistarmanninn Magnús Pálsson, unnið í samstarfi við Þráin Hjálmarsson. Einnig munu Anna Þorvaldsdóttir og Bergrún Snæbjörnsdóttir flytja eigið efni á hátíðinni. Þetta og fleira til verður í boði á Tectonics 2015.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is